

ann, eða verjast þarf fjandmannaflokkum, þá er maður valinn, er sérstaklega er hæfur, og verður hann nokkurs konar meðal-göngumaður milli þeirra og guðanna. Hann einn getur farið með allar þær töfralistir er tilþurfa, að ná fultingi og hjálp guðanna. Slíkir meðalgangarar, prestar töframenn o. s. frv. eru til meðal nálega allra villtra þjóðflokka, og heita þá ýmsum nöfn-um. Síberíu skrálingjar nefna þá Schamana, rauðskinnar lyfja-menn, Zuluar í Suðurálfu Isi-nyanga o. s. frv. Allstaðar hafa þessir menn svipað embætti og svipaðan starfa, „búa til regn“, lækna, spá, „leita fréttu“, seiða sigur að höfðingjum o. s. frv. Þeir eru í einu orði fullkomnir töframeistarar, og eru í miklum metum hjá þjóðflokki sínum.

Eiginlegir lyfja og töframenn verða engir nema eftir tals-verðan undirbúning og svo einskonar vígslu, er hinir elztu og sérilagi uppgjafa lyfjamenn þjóðflokksins hafa á hendi. Ókunn-ugt er það, hvað þeim eiginlega er kennt, en vænta má, að það sé ýms töfrabrögð og særingaformúlur. Stórkostleg hátíðahöld eru samfara vígslu lyfjamannsins, og oft eru margir vígðir senn, og er dansinn þar þýðingarmestur, sem jafnan er meðal villtra þjóða. Undirbúningur vígslunnar er fólgin í föstuhaldi nokkra daga á undan, og eru þeir þá gjörðir hluttakandi í öllum leynd-ardómum hinna eldri. Sumstaðar eru þeir látnir komast í ákaf-lega svitahæð, reyktir með lyfjagrösum o. s. frv., og fer þetta allt fram á undan dansinum. Að lokum fær hinn nývígði hinn svonefnda „lyfjapung“ saumaðan úr dýraskinum. Kennir þar í margra grasa, ýmsra gersima úr þrem ríkjum náttúrunnar.— Lyfjasteinn er og látinn upp í hinn nývígða, og er hann þá full-komlega tekinn upp í bræðrafélagið.

Það þarf eigi að taka fram, að það er hjátrúin og taumlaust hugsmíðaflug, er mestu ræður hér um. Meðal annars trúa þeir, að til sé hið svonefnda „lyfjadýr“, stærra og minna, og hafa þeir myndir af því. Til þessa svarar hjá siðlausum Suðurálfubúum „hin mikla eldslanga“. Venjulega hafa duglegir lyfjamenn út-vegað sér eitt eða svo bein úr þessu kyngidýri í lyfjaskrepp sinn, og reglan er að týna saman í hann það, sem hvorki töframað-urinn né aðrir bera nokkur kennsl á. Þannig sýndi einn lyfja-